

Fundargerð

Bogfimisamband Íslands BFSÍ

Dagsetning: **17.11.2021 Kl. 21:17**

Fundinn sátu: **Albert Ólafsson, Astrid Daxböck, Guðmundur Örn Guðjónsson. Haraldur Gústafsson sat fundinn með fjarfundabúnaði. Ásdís Lilja Hafþórsdóttir mætti ekki til fundar og tilkynnti ekki forföll.**

Fundargerð ritaði: **Guðmundur Örn Guðjónsson**

Á fundinum voru tekin upp eftirfarandi mál:

1. Staða verkefna af fyrri fundum.

1.1. Öllum verkefnum lokið.

2. Samþykkt á milli funda

2.1. Umsókn um íþróttamanna styrk til Ólympíusamhjalparinnar. (10.11.2021)

Sótt um fyrir Marín Anítu Hilmarsdóttir sem hefur náð lágmörkum fyrir Ólympíuleika.

Tilgangur styrksins er að aðstoða fjárhagslega keppendur í að æfa og keppa í þeim tilgangi að vinna sæti á Ólympíuleika. Aðeins fyrir þá sem líklegt telst að geti unnið sæti á Ólympíuleika 2024. Fimm styrkir eru veittir til ÍSÍ á fjögurra ára fresti.

2.1.1. Samþykkt af meirihluta í tölvupóstsamskiptum.

2.2. Formaður skuli vera starfandi framkvæmdastjóri meðan framkvæmdastjóri er ekki að störfum eða ekki viðlátinn (24.11.2021)

Túlkun um hver sinnir störfum framkvæmdastjóra ef hann er frá störfum eða ekki viðlátinn. Formaður sem næsti yfirmaður framkvæmdastjóra sé starfandi framkvæmdastjóri í slíkum tilfellum.

2.2.1. Samþykkt af meirihluta í tölvupóstsamskiptum.

3. Tillaga um breytingar á reglugerð um þjálfara:

Miklar breytingar á reglugerðinni, í stuttu máli var reglugerðin einfölduð töluvert og aðlöguð að stefnu BFSÍ að notfæra sér þjálfaramenntunarkerfi heimssambandsins, menntun og mat þjálfara sé í samræmi við það.

3.1. Samþykkt einróma.

3.2. Formaður tekur að sér að uppfæra reglugerðina á vefsíðu sambandsins.

4. Drög að umsókn í Afrekssjóð ÍSÍ:

Opnað hefur verið fyrir umsóknir í Afrekssjóð ÍSÍ. Íþróttastjóri lagði fyrir einfaldaða umsókn sem felur meðal annars í sér að BFSÍ verði flokkað sem B/alþjóðlegt samband. Ef Afrekssjóður samþykkir það mun fylgja töluverð aukning á fjármagni sem BFSÍ hefur tækifæri til þess að sækja um í Afrekssjóð en einnig meiri skyldur sem leggjast á BFSÍ tengt því. Einnig var óskað eftir því að íþróttastjóri fengi heimild til þess að aðlaga fjárhagsyfirlit og orðlag í umsókninni eins og þarf til þess að sjá um að ljúka umsókninni fyrir hönd BFSÍ.

4.1. Drögin samþykkt einróma.

4.2. Samþykkt einróma að íþróttastjóri megi aðlaga umsóknina og upphæðir eins og þarf til þess að klára umsóknarferli.

5. Þjálfaranámskeið á vegum BFSÍ/WorldArchery 2022:

Íþróttastjóri leggur fyrir skipulag um tvö þjálfaranámskeið 2022, bæði stig 1 og stig 2 í Ágúst á næsta ári sitt hvoru megin við verslunarmannahelgi. Áætlunin gerir síðan ráð fyrir einu þjálfaranámskeiði árlega í framhaldi, þegar nægur áhugi er á slíkum námskeiðum til þess að geta haldið það. Þetta skipulag er þegar skilgreint í Aðgerðaáætlun BFSÍ en Íþróttastjóri vildi leggja það fyrir stjórn þar BFSÍ getur þurft að bera kostnað tengt námskeiðunum. Unnið verður að því að sækja um styrki til Ólympíusamhjalparinnar til þess að standa undir kostnaði námskeiðanna. Lagt er til að setja skipulag þjálfaranámskeiða og umsóknir tengt þeim fyrir hönd BFSÍ í hendur íþróttastjóra.

5.1. Samþykkt einróma að fylgja skipulagi í Aðgerðaáætlun BFSÍ

5.2. Samþykkt einróma að sækja um styrk fyrir öll þjálfaranámskeið til Ólympíusamhjalparinnar

5.3. Samþykkt einróma að setja skipulag og umsóknir í hendur íþróttastjóri fyrir hönd BFSÍ

6. Önnur mál

6.1. Umræða um stöðu starfsmanna og starfsmannamál.

6.2. Umræða um EM innandyra, stöðu Covid í Evrópu og möguleg áhrif á afreksstarf í byrjun 2022.

Fundi slitið kl. **22:27**